

Sveinn D K Lyngmo
Fjarðarstræti 27A
400 Ísafjörður

2003110011
4200; 9310

Reykjavík, 12. nóvember 2003
/--

Efni: Varnargarðar við jörðina Höfðaströnd, Ísafjarðarbæ. Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun barst erindi Ísafjarðarbæjar dags. 28. október 2003 þar sem óskað var eftir meðmælum stofnunarinnar við veitingu framkvæmdaleyfis vegna gerðar viðlegukants og grjótvarnar við jörðina Höfðaströnd í Jökulfjörðum á grundvelli 3. tl. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. Við yfirferð málsins kom í ljós að gerð ofangreindra varnargarða félli undir lið 10 h í 2. viðauka við lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og ættu ákvæði 6. gr. laganna því við þá framkvæmd sem hér um ræðir. Að fengnu samþykki framkvæmdaraðila í þessu máli, þann 12. nóvember 2003, hóf Skipulagsstofnun málsmeðferð í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum þ.e. um það hvort að fyrirhuguð bygging á varnargörðum við jörðina Höfðaströnd teldist matsskyld framkvæmd.

Með erindi Ísafjarðarbæjar dags. 28. október 2003 fylgdi umsögn Umhverfisstofnunar dags. 22. október 2003. Skipulagsstofnun leitaði álits Ísafjarðarbæjar um matsskyldu framkvæmdarinnar sem barst með tölvupósti þann 12. nóvember 2003.

FRAMLÖGÐ GÖGN

Fyrirhuguð framkvæmd

Samkvæmt framlögðum gögnum Ísafjarðarbæjar er fyrirhugað að gera 12 m langan viðlegukant úr plastkörum, dýpka um 16 m breiða og 2 m djúpa rennu að viðlegukantinum og byggja 2 varnargarða sem eru 75 m og 50 m að lengd í landi Höfðastrandar, Ísafjarðarbæ. Fyrirhugað er að efni í varnargarðana og fylling í körin verði tekin úr fjörunni og það sem til fellur við gerð rennunnar eða allt að 2000 m³ samkvæmt umsögn Umhverfisstofnunar til Ísafjarðarbæjar

ÁLIT UMSAGNARAÐILA

Í umsögnum Ísafjarðarbæjar kemur fram að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Í umsögn Umhverfisstofnunar til Ísafjarðarbæjar kemur fram að ekki eru gerðar athugasemdir við framkvæmdina enda sé umfang hennar þess eðlis að það rýri ekki náttúruverndargildi svæðisins. Jörðin Höfðaströnd sé á Náttúruinjasrá vegna fjölbreytts og mikilfenglegs landslags ásamt fjölskrúðugs lífríkis. Einnig sé svæðið á tillögu að náttúruverndaráætlun Umhverfisstofnunar. Lýsingin eigi við afar stórt svæði sem sé Snæfjallahreppur hinn forni. Stofnunin leggur áherslu á að þess verði gætt að raska ekki svæðinu að óþörfu m.a. þegar tekið verður grjót úr fjörunni til framkvæmdanna. Mikilvægt sé að afmarka framkvæmdasvæðið eins þröngt og kostur er og vanda vel til frágangs að verki loknu. Fram kemur að þar sem áætlað sé að nýta dýpkunarefni úr rennu að viðlegukantinum í varnargarða sé ekki um að ræða varp í hafið sbr. 4. tl. 3. gr. laga nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða byggingu 2 varnargarða sem eru 75 m og 50 m að lengd við jörðina Höfðaströnd, Ísafjarðarbæ. Ennfremur er fyrirhuguð gerð 12 m langs viðlegukants og dýpkun um 16 m breiðrar og 2 m djúprar rennu að viðlegukantinum. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 h í 2. viðauka við lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru á svæði sem er á Náttúruinjasrá vegna fjölbreytts og mikilfenglegs landslags ásamt fjölskrúðugu lífríki. Framkvæmdirnar munu taka til afmarkaðs svæðis og er efnisþörf lítil. Skipulagsstofnun tekur undir umsögn Umhverfisstofnunar um að afmarka þurfi framkvæmdasvæðið eins þröngt og kostur er og vanda til frágangs að verki loknu. Skipulagsstofnun telur að framkvæmdirnar muni hafa óveruleg áhrif á jarðmyndanir og lífríki.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Ísafjarðarbæjar og framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að bygging varnargarða við jörðina Höfðaströnd, Ísafjarðarbæ sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Ísafjarðarbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 12. desember 2003.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Ísafjarðarbær og Umhverfisstofnun